

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð látinna barna Björns Jónssonar og Guðrúnar Jónsdóttur, Laugahlíð, Svarfaðardal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. júlí 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð látinna barna Björns Jónssonar og Guðrúnar Jónsdóttur, Laugahlíð, Svarfaðardal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður látinna barna Björns Jónssonar og Guðrúnar Jónsdóttur, Laugahlíð, Svarfaðardal. Hann er stofnaður árið 1950 með kr. 3000.00, þrjú þúsund krónum, til minningar um börn þeirra hjóna, er létust í æsku.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gleðja þau börn í Svarfaðardalshreppi, er verða fyrir þungum sorgum við missi foreldra sinna, annars eða beggja. Sjóðnum má einnig beita í sama tilgangi gagnvart einstæðings gamalmönnum.

Það skal á valdi forráðamanna sjóðsins að ákveða hverju sinni, hvenær þeir telja ástæðu til að beita úr sjóðnum samkvæmt markmiði hans.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Svarfdæla eða annarri peningastofnun. Skulu allir vextir leggja við höfuðstól árlega, unz sjóðurinn hefur náð kr. 5000.00, fimm þúsund krónum. Eftir það má verja árlega $\frac{3}{4}$ ársvaxta samkvæmt tilgangi hans, en $\frac{1}{4}$ skal árlega leggja við höfuðstól, og alla vexti þau ár, er sjóðstjórnin telur ekki ástæðu til að beita fjárveitingarákvæði hans.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Skulu oddviti Svarfdælahrepps og prestur Vallaprestakalls sjálfkjörnir, en þriðji stjórnarnefndarmaður skal vera kona, útnefnd til fjögurra ári í senn af hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps.

Reikningshald sjóðsins sé jafnan í höndum oddvita.

5. gr.

Skipulagsskrá þessari má síðar breyta, ef eigi þykir ástæða, með breyttum tímum, til að láta sjóðinn starfa að því marki, er honum er sett í skipulagsskrá þessari. Þó skal jafnan velja honum verkefni, sem allra skyldast þeim, sem hann hefur nú.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Akureyri, 13. maí 1962.

Guðrún Jónsdóttir.

Björn Jónsson.